



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma:

19. fundur, föstudaginn 22. maí, kl. 11:00

í umhverfisráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu).
Einnig sat fundinn Kjartan Ólafsson, formaður faghóps 3.

Forföll: Stefán Arnórsson, Þorsteinn Tómasson.

Fundarfrásögn:

1. Fundargerðir. Ekki var fjallað um fundargerð síðasta fundar. Uppkasti var dreift og stjórnarmenn beðnir að lesa yfir og gera athugasemdir.

2. Kynning formanna faghópa á stöðu og framvindu vinnunnar.

a. Faghópur 1:

- i. **Þóra Ellen Þórhallsdóttir** kvað aðferðafræðafasanum lokið og farið hefði fram átak í gagnasöfnun og búinn til rafrænn grunnur þar sem safnað er upplýsingum um tiltæk gögn. Hópurinn hefði farið í gegnum tilraunamat á tveimur svæðum (Skagafjörður og Reykjanes) sem gengið hefði vel. Faghópurinn hefur rætt hvernig afmarka skuli svæði og er vinna við að afmarka einstök svæði gagnvart verðmætamati er langt komin.
- ii. Enn vantar talsvert af náttúrufræðigögnum og skýrslum um vinnu sem unnin var vegna 2. áfanga. Þóra Ellen taldi ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að faghópurinn gæti unnið að ráði frá því um miðjan júní og fram undir miðjan ágúst, - þetta væri aðalrannsóknatími flestra í faghópnum og fólk ýmist við rannsóknir víðs vegar um land eða í sumarfríi.
- iii. Þóra sagði að fyrir mat á áhrifum orkuvinnslu á náttúru og menningarminjar væri nauðsynlegt að fá kort og upplýsingar um lónsstæði og vatnshæð í lónum, skurði, stíflur og áhrif á fossa neðan stíflna.

b. Faghópur 2.

- i. **Anna Sverrisdóttir** tilkynnti að Brynhildur Davíðsdóttir hefði dregið sig í hlé vegna anna en í stað hennar væri kominn Rögnvaldur Ólafsson, dósent og forstöðumaður fræðasetra Háskóla Íslands.
- ii. Anna minnti á bókun frá faghópnum til verkefnisstjórnar um að hin knöppu tímamörk kölluðu á takmarkaðri gögn og hraðari yfirferð en æskilegt væri, sérstaklega gagnvart ferðapjónustu og útivist. Nauðsynlegt væri að leita til landshlutasamtaka og markaðsskrifstofa um

upplýsingar og ráðgjöf. Bent var á að einnig væri vert að kalla til Impru (vaxtarsprotar/nýsköpun).

- iii. Hún lagði áherslu á nauðsyn þess að fram kæmi endanlegur listi yfir virkjunarkosti og lýsingar á útfærslum og kort er sýndi landnotkun vegna virkjunarframkvæmda.

c. Faghópur 3.

- i. **Kjartan Ólafsson** gerði grein fyrir starfi hópsins. Mest hefði verið rætt um hversu atvinnuskapandi einstakir virkjunarkostir gætu verið m.t.t. mögulegrar orkunotkunar. Bent var á að æskilegt væri að hópurinn skoðaði einnig hver staðan yrði ef ekki væri virkjað. Slíkt væri ekki endilega ávísun á „0-kost“ en mikilvægar spurningar væru „Hverju erum við að fórna?“ og „Hvað gæti önnur notkun skapað?“

d. Faghópur 4.

- i. **Guðni Jóhannesson** kynnti það sjónarmið orkufyrirtækja að það væri ekki á valdi rammaáætlunar að stöðva virkjanir sem þegar væru komnar í gegnum formlegan feril stjórnvalda. Hér væri um að ræða óheppilegt pólitískt inngríp sem gæti haft neikvæð áhrif á starf rammaáætlunar. Virkjunarkostir sem um ræðir eru: Bitra (veiting framkvæmdaleyfis í vinnslu hjá sveitarfélagi); Gráuhnúkar (OR hefur fengið leyfi fyrir niðurdælingarsvæði en hefur hug á að nýta til orkuframleiðslu þar sem botnhiti reyndist hærri en talið var; telja að leyfið taki einnig til breyttrar nýtingar); Hverahlíð; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun (virkjanir í neðri hluta Þjórsár en í stjórnarsáttmála segir að þær virkjanir skuli bíða niðurstöðu rammaáætlunar; Búðarhálsvirkjun (framkvæmdir hafnar); stækkun Kröflu I; Bjarnarflag. Fulltrúi Samorku á fundinum lýsti því sjónarmiði orkufyrirtækja að um sé að ræða óheppileg afskipti stjórnámálanna og þau lýsa efasemdum um að yfirlýsingar geti haft áhrif á stjórnsýsluvinnu sem byggir á gildandi lagamma. Koma þurfi til lagabreyting.
- ii. Guðni upplýsti að gögn frá orkufyrirtækjum væru að berast og fór yfir stöðuna í stórum dráttum
- iii. Greindi frá fyrirhugaðri samvinnu við Landsnet vegna línulagna og –stæða.
- iv. Gerði grein fyrir þeirri hugmynd að Sveinbjörn Björnsson myndi endurvinnna lýsingu á virkjunarkostum, ásamt kortum, á sama hátt og raunin var í 1. áfanga og birt voru í viðaukum a1 og a2 í niðurstöðuskýrslu.
- v. Tilkynnti að Edda Rós Karlsdóttir hefði hætt störfum í hópnum. Varpaði fram þeirri spurningu hvort fá ætti inn nýjan meðlim sem hefði sérþekkingu á fjármögnun.

3. Skýrslur.

- a. **Matís.** Starfsmanni var falið að kanna hvort allar skýrslur sem samið hefði verið um við Matís hefði verið skilað.
- b. **Náttúrufræðistofnun.** Fram kom óánægja með þann drátt sem verður á skilum frá NÍ. Fram komu raddir um að eðlilegt væri að beita dagsektum vegna seinkana.

4. Sjálfbærni-verkefni.

- a. **Jarðhiti.** Formaður gerði grein fyrir framgangi sjálfbærni-verkefnis vegna jarðhita. Um væri að ræða áhugaverða viðbót við starf rammaáætlunar og samkvæmt formanni hópsins, Jónasi Ketilssyni, hefði náðst „bokkaleg samstaða“ innan hans um nálgunina. Hópurinn mun skila niðurstöðum í september.

- b. **Vatnsafl:** Guðni gerði stutta grein fyrir vinnu að skilgreiningu á sjálfbærni orkuvinnslu vatnsafls á alþjóðlegum vettvangi.
- c. **Umræður sköpuðust um sjálfbærni jarðhita.** Guðni nefndi að nálgun á jarðhitavinnslu geti verið með ýmsu móti og sjálfbær vinnsla sé ekki einhlít. Þannig eru t.d. „sjálfbærni“ og „ágeng nýting“ ekki endilega andstæður. Varast beri einhliða málflutning í þessum efnum. Ekki tóku allir fundarmenn undir þessi orð og voru á öndverðum meiði.

5. Kynningarfundir. Kynnt voru áform um eftirtalda kynningarfundir.

- a. **Með þingflokkum.** Bjóða skal þingflokkum upp á kynningu á stöðu rammaáætlunar. Svanfríður mun hafa samband við þingflokksformenn. Formenn faghópanna taka þátt í fundunum.
- b. **Opinn kynningarfundur um virkjunarkostina** þar sem kallaðir verða m.a. til samstarfsaðilar, fjölmiðlar og áhugafólk. Fundurinn verður auglýstur og kynntur í fjölmiðlum
- c. **Kynningarfundur um aðferðafræði.** Stefnt að slíkum fundi um mánaðamótin ágúst-september.

6. Önnur mál:

- a. **Breytt staða Unnar Brár.** Unnur Brá Konráðsdóttir gerði grein fyrir breyttri stöðu sinni. Hún hefir tekið sæti á Alþingi og var fulltrúi fyrrverandi forsætisráðherra. Óvíst væri hvort hún sæti áfram sem fulltrúi núverandi forsætisráðherra en málið væri til skoðunar.
- b. **Formleg staða.** Mikilvægt væri að fá fram upplýsingar um hvaða formlegu stöðu niðurstaða rammaáætlunar muni fá.
- c. **Í almennum umræðum** var m.a. tæpt á því að enn skorti gögn og upplýsingar, tími væri knappur til að ljúka verkefninu um áramót en á móti var áhersla lögð á að mjög mikilvægt væri að standa við tímafrest og byggja niðurstöðu á þeim gögnum sem tiltæk væru. Fulltrúi Samorku lagði áherslu á að standa yrði við tímafrestinn. *Einnig kom fram tillaga um að bætt yrði við sérstökum faghópi er fjallaði um náttúruvernd.*
- d. **Ábendingar um áhugaverða fundi.** Ábendingar um áhugaverða fundi, málþing og fyrirlestra eru vel þegnar og mikilvægt að tilkynna tímanlega um slíka viðburði. Senda má upplýsingar til starfsmanns sem dreifa mun þeim til allra stjórnarmanna og meðlima faghópa eftir atvikum.

7. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 10. júní kl. 9:30 í iðnaðarráðuneytinu.